

**Fundargerð aðalfundur HRFÍ haldinn 15. maí 2014 kl. 20:00 í veislusal reiðhallarinnar í Víðidal.**

**Fundarritari: Guðrún Margrét Baldursdóttir**

**1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað.**

Formaður félagsins, Jóna Th. Viðarsdóttir bauð félagsmenn velkomna og setti aðalfund HRFÍ kl. 20.08. Hún skipaði fundarstjóra, Jóhann K. Guðmundsson hdl. og fundarritara, Guðrúnu Margréti Baldursdóttur, lögræðing. Þvínæst steig fundarstjóri í pontu og fór yfir skilyrði fyrir lögmæti fundarins.

Aðalfundurinn var auglýsur í félagsblaði HRFÍ, Sámi 1. tlb. apríl 2014, sem birtur var á vefsíðu HRFÍ í apríl. Einnig var aðalfundurinn auglýstur á vefsíðu HRFÍ 31. mars sl. Fundarstjóri lýsti skilyrði uppfyllt og fundinn löglegan. Kynnti hann síðan fyrsta dagskrárlíð, skýrslu stjórnar.

**2. Skýrsla stjórnar HRFÍ.**

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar.

Skýrslan er byggð á fundargerðum stjórnar og fulltrúarráðsfunda, gögnum frá skrifstofu ofl. Formaður samdi skýrsluna.

Aðalfundur félagsins var haldinn 29. maí 2013. Nýir menn komu inn í stjórn og var hún þannig skipuð eftir kosningar:

Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður

Herdís Hallmarsdóttir, varaformaður

Delia Howser, gjaldkeri

Arinbjörn Friðriksson

Ólafur E. Jóhannsson

Guðmundur A. Guðmundsson og Brynja Tomer varamenn.

**Almenn starfsemi**

14 stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu, tveir fulltrúaráðsfundir, auk þess sem auka-félagsfundur var haldinn 11. sept. 2013.

Fjölbreytt notkun er á húsnæði félagsins að Síðumúla 15 en auk skrifstofu er húsnæðið nýtt fyrir ársfundi og almenna fundi deilda, ýmsar upptakomur, fyrirlestra, fulltrúaráðsfundi og til bóklegar kennslu í Hundaskólanum.

Þrjú starfsmenn eru á skrifstofu; Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdastjóri, Klara Á. Símonardóttir og Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir, sem er í 60% starfi. Opnunartími skrifstofu er alla virka daga frá kl. 10 til 15.

Ný vefsíða var tekin í notkun á síðastliðnu ári. Hún býður upp á fleiri möguleikar en áður, t.d. er hægt að tengja skjöl við síðuna og einnig er hún tengd við FB síðu. Gjaldskrá hefur verið gerð læsilegri og nýtt pósthakerfi verið tekið upp. Nú er boðið upp á staðgreiðslulán fyrir félagsmenn með kreditkort fyrir greiðslum hærrí en 20.000 kr., svo sem fyrir skráningu margra hunda á sýningu, gotskráningu og ættbókanöfn.

Á síðasta fulltrúaráðsfundi var tilkynnt að brátt færi ný heimasíða í loftið sem hefði að fyrirmynd síður hjá The Kennel Club og SKK. Þessi síða hefði það

að tilgangi að auðvelda fólki að finna sér hreinræktaðan hund. Hugmyndin er sú að greiðslur fyrir auglýsingar standi undir vinnu við síðuna.

Á síðasta ári tókst framkvæmdarstjóra og starfsmönnum að hagræða í rekstri félagsins á ýmsum sviðum og árangur þess sést greinilega í breyttri afkomu félagsins.

Breyting á grundvallarreglum félagsins í heild sinni hafa staðið yfir og taka nýjar reglur gildi **1. júní nk.**

Eftir fulltúaráðsfund 31. október 2012 kom fram tillaga frá Viljálmí Ólafssyni að breytingu á grundvallarreglum félagsins vegna meiðandi netskrifa. Samþykkt var á stjórnarfund 21. nóvember 2012 að endurskoða grundvallarreglurnar í heild sinni, m.a. með tilliti til breytinga á grundvallarreglum SKK, sem við höfum jafnan haft til fyrirmyndar. Leitað var áhlits ýmissa sérfræðinga varðandi atriði eins og skoðunar- og tjáningarfrelsi og var m.a. leitað til FCI vegna endurskoðunar á reglum. Tillaga að nýjum reglum var kynnt fyrir fulltúaráðsfundi 30. apríl sl.

Lítilsháttar breytingar hafa orðið á félagsaðild og skráningum á milli ára 2012 og 2013. Félagsmönnum fækkaði um 3%, ættbókarskráning stendur í stað en gotum fjölgar um 2% á árinu 2013. Augnskoðun hunda hefur aukist um 3% og innfluttum hundum hefur fjölgað um 41%. FCI samþykkti 31 ræktunarnöfn á starfsárinu, sem eru tæplega 11% færri en árið á undan. Skráning á all breed hundasýningar HRFÍ jókst um 4%. Átta deildarsýningar voru haldnar á árinu 2013 á móti einni 2012. Þátttakendum á námskeiðum í hundafimi og hundaskólanum hefur fækkað. Í hundafimi um 30% og í hundaskólanum um 13%. Skráningum í veiðipróf hefur fjölgað um 12% á milli ára. Haldið var skapgerðarmat þrisvar sinnum árið 2013 á 16 hundum.

Formaður taldi þvínæst upp ýmsa atburði í starfsemi félagsins á liðnu ári, svo sem vel heppnaða uppskeruhátíð, Laugavegsgöngu, fyrirlestur Frank Kane dómara og kynningarstarf á vegum HRFÍ á Nordic Winner sýningunni í Helsinki, starfsemi Hundaskólans, vinnu- og veiðipróf og loks sýningar ársins, bæði all breed sýningar og tvær hvolpasýningar, sem eru nýjar í starfsemi félagsins. Einnig fór formaðurinn yfir stigahæstu hunda ársins og stigahæstu ræktendur, auk stigahæstu ungu sýnendum, en þessu eru gerð góð skil á heimasíðu félagsins og í Sámi. Einnig sagði formaðurinn frá stofnun Sólheimakotsnefndar og greindi frá því að starf hennar væri komið á fullt. Fulltrúar Mosfellsbæjar sjá ekkert því til fyrirstöðu að félagið hafi áfram umráð yfir Kotinu svo framarlega sem eðlilegar endurbætur fara fram á húsinu. Þeir eru jafnframt tilbúnir til að skoða lengri leigusamning við félagið.

Erlent samstarf

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu FCI Evrópudeildarfund í Genf í byrjun september sl. NKU fundur var haldinn í Reykjavík 8. október sl. HRFÍ var með kynningarbás á Nordic Winner Show í Helsinki í desember sl., ásamt öllum NKU félögum á svokölluðu Norðurlandatorgi. Ekki voru sendir fulltrúar á NKU fund í febrúar sl.

Fundur um samræmingu á BSI (breed specific instructions) varðandi ýkt útlit á hundum var haldinn í Helsinki í júní 2012 með fulltrúum allra NKU félaganna. Komin er endanleg úgáfa á BSI og lagt er til að bæklingur verði sendur dómurum sem dæma á sýningum okkar og einnig hefur verið bent á að setja þurfi prentvæna útgáfu á vefsíðu HRFÍ fyrir aðra til útprintunar og upplýsinga.

Tekin hafa verið í notkun Norðurlandameistaraskjöl með myndum af þjóðarhundum.

Sænska hundaræktarfélagið hefur tekið að sér aflestur á mjaðma- og olnbogamyndum fyrir HRFÍ en áfram verður hægt að senda myndir til Bandaríkjanna.

Erindi um að taka þátt í gæðakönnun barst félaginu frá FCI í nóvember sl. Stjórn vann sameiginlega að gæðakönnuninni um áherslur HRFÍ í ýmsum málum er snúa að starfsemi FCI.

Framkvæmdastjóri HRFÍ hefur gert samning við The Kennel Club um að ein sýning á ári verði Crufts qualification sýning. Það þýðir að bestu ungliðar og bestu hundar tegundar af báðum kynjum í hverri tegund öðlast rétt til að keppa á Crufts í Bretlandi. Sýningarstjórn hefur ákveðið að þessi sýning verði ágúst/september sýning félagsins.

#### Baráttumál og kynningarmál

Stjórn sendi bréf til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis í desember sl. vegna ábendinga frá félagsmönnum um ákvæði í hundasamþykktum ýmissa sveitarfélaga um hámarksfjölda hunda á heimili. Þrátt fyrir ítrekanir hefur svar ekki borist frá ráðuneytinu.

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn hefur sent beiðni til HRFÍ um að taka þátt í verkefni sem setja á upp í garðinum í samvinnu við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. Verkefnið gengur út á að kenna börnum að umgangast hunda. Verkefnið tekur mið af sambærilegri vinnu sem farið hefur fram á Akranesi.

Undirritaður hefur verið endurnýjaður samstarfssamningur við VÍS þar sem félögin hafa átt farsælt samstarf um langt skeið.

Frumvarp til laga um velferð dýra var sent stjórn til umsagnar í nóvember sl. en ekki komu fram tillögur um breytingar. Sjö starfshópar hafa verið skipaðir um tillögur um reglugerðir samkvæmt lögnum og er einn fulltrúi frá HRFÍ í nefnd vegna reglugerðar um velferð gæludýra.

Ekkert hefur verið unnið í réttindamálinu þess passport á liðnu starfsári. Á fulltrúaráðsfundi 30. apríl sl. mynduðust töluverðar umræður um einangrunarmál og kom m.a. fram að mikill áhugi er nú á að reyna að fá einangrun stytta.

Vinna stefnumótunarteymis hefur staðið yfir, fundur félagsmanna um tillögurnar fór fram og í framhaldinu gerður markmiðalisti fyrir teymið til að vinna eftir. Búið er að skila inn tillögum stefnumótunarhópsins til stjórnar. Stjórn fagnar þeirri vinnu og þeim niðurstöðum sem hún hefur skilað og mun starfa á grundvelli þeirra.

#### Dómarar og hringstjórar

Nýir sýningardómarar hafa hlotið réttindi en þeir eru:

Sóley Halla Möller, Sóley Ragna Ragnarsdóttir, Viktoría Jensdóttir og Herdís Hallmarsdóttir. Stutt er í að fleiri sýningardómarar verði samþykktir en 14 aðilar eru mislangt komnir í náminu.

Einnig las formaður upp nöfn dómaranema fyrir retrieverpróf, Kjartans Inga Lorange, nýs hundafimidómara, Moniku Karlsdóttur og loks hafa þrír aðilar hlotið réttindi sem hringstjórar, þær Þórdís Björg Björgvinsdóttir, Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir og Guðrún Margrét Baldursdóttir.

Það sem er helst á döfinni í starfi félagsins Kynningarfundur um ný dýraverndarlög og reglugerð verður haldinn í haust. Einnig hefur stjórn ákveðið að efna til funda til að kynna starfsemi félagsins fyrir stjórnnum ræktunardeilda til að auðvelda þeim störf sín í þágu deildanna í samræmi við reglur.

Fjöldmörg vinnu- og veiðipróf hafa verið samþykkt, boðið verður upp á skapgerðarmat 17. og 29. maí og augnskoðun með augnlækni frá Bretlandi fer fram 6.- 8. júní nk.

Tvöföld afmælissýning verður í júní, hvolpasýning fyrir hvolpa 3 - 9 mánaða í júlí, alþjóðleg sýning í haust og loks árleg Laugavegsganga að venju. Félagið fagnar 45 ára afmæli í ár og formaður stakk upp á að félagsmenn sameinuðust um að finna leiðir til að fagna þessum tímamótum. Formaður færði að lokum fram bestu þakkir til félagsmanna fyrir sjálfboðavinnu í þágu félagsins.

Gerður var góður rómur að ræðu formannsins og var henni þakkað fyrir með lófataki.

### 3. **Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar**

Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdastjóri flutti þennan dagskrárlið í fjarveru gjaldkera.

Tveir ársreikningar eru gerðir, fyrir HRFÍ og RA ehf.

Framkvæmdarstjóri lét nægja að fara yfir samstæðureikning þar sem ársreikningur liggur fyrir fundinum.

Hagnaður ársins 2013 samkvæmt rekstrarreikningi er kr 11.737.356 og er það mun betri útkoma en á síðasta ári.

Fundarstjóri lýsti eftir athugasemdum um þennan lið fundarins og þar sem engar athugasemdir komu fram var ársreikningurinn samþykktur.

### 4. **Skýrsla um starfsemi siðanefndar**

Fulltrúi Siðanefndar, Kristín Sveinbjörnsdóttir flutti ársskýrslu nefndarinnar.

Níu fundir voru haldnir á síðasta ári. 33 mál bárust á árinu og hefur málum fjölgað. Það sem af er árinu 2014 hafa níu mál borist nefndinni.

Öllum málum frá árinu 2012 er lokið og af þeim 33 sem bárumst á árinu 2013 eru enn 12 mál til meðferðar. Málum ársins 2014 er ennþá öllum ólokið.

Í flestum tilfellum er kært fyrir vöntun á heilbrigðisvottorðum fyrir got og þá augnvottorðum í í langflestum tilfella. Í tveimur tilfellum var tók of gömul og í einu tók of ung. Í einu tilviki var hvíldartími ekki virtur. Þá bárust tvær kærur vegna sölu á óskráðum hvolpum.

Á starfsárinu afgreiddi Siðanefnd 25 mál sem viðkomu 26 félagsmönnum. Tvö málanna voru frá 2012 og 24 frá árinu 2013. Málin fengu eftirfarandi afgreiðslu: 21 félagsmaður fékk áminningu, þar af 3 öðru sinni. Tveir félagsmenn fengu áminningu í þriðja sinn og jafnframt útilokun frá starfi í félaginu tímabundið, þar með talið þátttöku í sýningum og trúnaðarstörfum auk þess sem viðkomandi fær ekki afhentar ættbækur á meðan að útilokunin stendur yfir. Einu máli var vísað frá og eitt mál var fellt niður að beiðni kæranda.

Gerður var góður rómur að máli Kristínar.

5. **Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil.**  
Fríður Esther Pétursdóttir, framkvæmdastjóri flutti rekstraráætlun HRFÍ fyrir næsta starfsár. Fram kom að glærur sem hún studdist við verði settar inn á heimasíðu félagsins.

**Þorsteinn Þorbergsson** fór í pontu og bar fram skýringar á rekstraráætlun félagsins fyrir næsta ár þar sem kvartanir bárust úr sal vegna þess að fundargestir sáu ekki glærunar nægilega vel. Hann lagði til að áætlunin yrði samþykkt. Fundarstjóri ítrekaði að glærur yrðu settar inn á netið. Að þessu loknu bar fundarstjóri áætlunina upp til samþykkis eða synjunar og var hún samþykkt með lófataki.

6. **Lagabreytingar**  
Engar lagabreytingatillögur bárust stjórn HRFÍ fyrir 1. mars sl. og voru því engar slíkar tillögur bornar undir fundinn.

7. **Kosning formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna skv. 10.gr.**

**Ekki er kosið um formann í ár.**

Úr stjórn ganga Delia Howser og Ólafur F. Jóhannsson. Úr varastjórn gengur Guðmundur A. Guðmundsson.

**Í framboði til stjórnar til 2ja ára eru:**

Guðmundur A. Guðmundsson  
Sóley Möller

**Í framboði í varastjórn til 2ja ára er:**

Ragnhildur Gísladóttir

Þann 10. apríl sl. var sett inn kynning á frambjóðendum á vefsíðu HRFÍ. Fundarstjóri lýsti yfir áhuga á að frambjóðendur kynntu sig úr pontu en hann var ekki fyrir hendi. Stjórnarmenn voru sjálfkjörnir og var kosningu þeirra fagnað með lófataki.

8. **Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara.**

Aðalmenn: Þorsteinn Þorbergsson og Pétur Alan Guðmundsson  
Varamenn: Gunnar B. Gunnarsson og Margrét Dögg Halldórsdóttir

Félagskjörnir skoðunarmenn voru sjálfkjörnir þar sem engin mótframboð bárust og var kjöri þeirra fagnað með lófataki.

9. **Kosning siðanefndar**

Siðanefnd skal kosin á aðalfundi HRFÍ ár hvert. Í nefndinni sitja þrjú fulltrúar félagsmanna HRFÍ, jafnframt skal kjósa tvo varafulltrúa. Nefndarmenn og

varamenn þeirra geta ekki verið stjórnarmenn í aðalstjórn HRFÍ. Siðanefnd velur sér formann.

Núverandi stjórn siðanefndar er þannig skipuð:

Aðalmenn: Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, Kristín Sveinbjarnardóttir og Hilmar Sigurgíslason

Varamenn: Anna María Flygenring og Guðrún Sigríður Sigurðardóttir

### **Neðangreindir gefa kost á sér í kjöri Siðanefndar:**

**Aðalmenn:** Guðríður Þ. Valgeirsdóttir og Kristín Sveinbjarnardóttir báðar í endurkjöri og Anna María Flygenring áður varamaður.

**Varamenn:** Hilmar Sigurgíslason áður aðalmaður og Guðrún Sigurðardóttir í endurkjöri.

Engin mótframboð bárust og voru frambjóðendur því sjálfkjörnir. Var kjöri þeirra fagnað með lófaklappi.

Stutt hlé var gert á fundinum kl. 20.59 og var honum fram haldið kl. 21.12

## **10. Önnur mál.**

Erindi um þess háttar mál skulu vera skrifleg og hafa borist stjórn HRFÍ fimm dögum fyrir aðalfund og skulu tillögur um önnur mál liggja frammi á skrifstofu félagsins. Ef tillaga er lögð fram á aðalfundi um mál sem ekki er að finna undir önnur mál skv. þessum tölulíð, getur fundurinn ákveðið að taka hana til umfjöllunar, en ekki til ákvörðunar.

Engin erindi bárust stjórn HRFÍ fyrir tilskilinn tíma.

Fundarstjóri kynnti þann möguleika að hægt væri að bera upp önnur mál á fundinum en atkvæðagreiðsla um erindið væri ekki bindandi fyrir stjórn.

**1) Þorsteinn Þorbergsson** kvaddi sér hljóðs undir liðnum önnur mál. Hann kvaðst vilja hrósa stjórn félagsins og starfsfólki fyrir góðan rekstur á síðasta ári. Stórmerkileg tíðindi hefðu orðið í viðsnúningi fjárhagslegrar afkomu og félagið ætti að fara að geta einbeitt sér að hundamálum í stað fjármála og vandamála þeim tengdum. Mælandi kvaðst hafa verið félaginu til aðstoðar á síðasta ári vegna breytinga á vinnulagi skrifstofu. Hann kvaðst vilja að aðalfundur yrði haldinn fyrr á árinu og hann gerði einnig að tillögu að félagið yrði "gert upp" á 4 mánaða fresti.

Þorsteinn gerði að umtalsefni starf sem unnið hefði verið með Íslandsbanka í sambandi við niðurfelling skulda félagsins (um 8.000.000).

Aukafundur hefði verið haldinn í Gerðubergi þar sem ákveðið var að fjarlægja allar skuldir af Ra og framlög félagsmanna hefðu gert útslagið hvað þetta varðaði. Þorsteinn gerði einnig að tillögu sinni að ný stjórn sameini Ra við HRFÍ. Betri heimtur væru á félagsgjöldum og þær eru fyrr á ferðinni, áhugi væri á starfinu innan félagsins og stefnumótun væri í fullum gangi. Lagði hann að lokum til að klappað yrði fyrir nýrri stjórn.

**Formaður félagsins** steig í pontu og lýsti þakklæti stjórnarinnar og félagsins til Þorsteins vegna aðstoðar hans.

Fundarstjóri lýsti tveimur tillögum sem fólust í máli Þorsteins,

- 1) ársfjórðungslegt uppgjör (samþykkt af fundinum)
- 2) Sameining HRFÍ við Ra (ekki samþykkt af fundinum)

**2) Herdís Hallmarsdóttir** steig í pontu og mælti fyrir tillögu stjórnar undir liðnum Önnur mál. Hún hóf mál sitt á því að rifja upp aðdraganda að kaupum félagsins á fasteigninni Síðumúla 15. Fasteignalán hefði hvílt á fasteigninni í nafni HRFÍ, sem ávallt hefur verið staðið í skilum með. Árið 2007 fékk Ra bankalán til að fjármagna endurbætur. Í lok árs 2012 var eignastaða orðin neikvæð. Félagið stóð frammi fyrir því að ganga til samninga við Íslandsbanka eða að bankinn færi í innheimtuaðgerðir með þeim afleiðingum að félagið myndi missa fasteignina og stæði uppi skuldugt eftir sem áður. Bankinn samþykkti tillögu um niðurfellingu stórs hluta skuldanna. Stjórn óskaði eftir umboði til þessara samninga á auka félagsfundi 11. september. 89 félagsmenn kusu, 80 kusu með en 8 félagsmenn voru andvígir. 1 skilaði auðu. Samþykkt var að fjármagna eingreiðslu með framlagi félagsmanna, 1700 kr. á mann, alls 2.476.900, 8 aðilar greiddu til viðbótar. Samtals 2.825.300 kr. voru framlög félagsmanna. Íslandsbanki afskrifaði eftirstöðvar skuldarinnar eftir að hafa fengið eingreiðslu. Mismunur var nýttur til niðurgreiðslu láns á 1. veðrétti.

Sameiginlegt átak félagsmanna hefur valdið því að tekist hefur að snúa eignastöðu félagsins frá því að vera neikvæð yfir í jákvæða eignastöðu.

Hefur tekist að tryggja að greiðslubyrði af húsnæðinu er orðin viðráðanleg.

Á stjórnarfundi 10. febrúar sl. var ákveðið að skoða fleiri möguleika í húsnæðismálum.

- 1) Sala og kaup á ódýrara húsnæði.
- 2) Sala og leiga á ódýrara húsnæði.
- 3) Leiga á hluta af húsnæði.
- 4) Leigja húsnæði í Síðumúla 15 út og leigja ódýrara annarsstaðar.
- 5) Starfsemi óbreytt.

Arinbjörn Friðriksson stjórnarmaður framkvæmdi þarfagreiningu vegna þessa máls og leiddi hún eftirfarandi í ljós: Þörf á aðstöðu fyrir sjálfboðaliða á skrifstofu, aðstaða fyrir fundi og námskeið án þess að borga leigu fyrir.

Leitað var til fasteignasala til að kanna þessa möguleika nánar. Mat að fasteignaverð í hverfinu fari hækkandi á næstu árum og því ekki mælt með sölu í dag. 31- 33 milljóna króna verðmat. Fasteign virðist hafa hækkað í verði á síðustu tveimur árum. Ráðleggingar varðandi leigu: Væri hægt að leigja út á 1700-2000 kr. pr fm., 340-400.000 kr. alls á mánuði. Félagið væri ekki bundið af staðsetningunni og þar með möguleiki að leigja húsnæði á 1200 - 1500 kr. pr. fm. annarsstaðar.

Ekki var mælt með að leigja út skrifstofuherbergi sérstaklega. Ákveðið var að skoða nánar þann möguleika að leigja út fasteignina að Síðumúla 15 og leigja annað ódýrara. Ekki hefur gengið vel að finna heppilega fasteign og hefur verið leitað til fagmanns á þessu sviði.

Framboð eigna sem henta er ekki gott en mögulegt að fleiri eignir gætu verið í boði. Gagnrýni hefur komið fram á upphaflegar verðhugmyndir varðandi leigu,

annar sérfræðingur taldi að lægri leiga myndi fást fyrir Síðumúla 15 en jafnframt að hægt yrði að fá húsnæði leigt á 1000-1200 kr. fm. annarsstaðar. Áhætta felst í að leigja út húsnæði, bæði vegna hættu á vanskilum og einnig hættu á eignaspjöllum. Rask sem fylgir flutningi á starfsemi og einnig mismunur á kröfum varðandi lengd leigusamninga (hugsanlegt).

Niðurstaðan er sú að það gæti orðið erfitt að finna heppilegt húsnæði, einnig er erfitt að stilla saman útleigu á Síðumúla 15 og flutning í nýtt húsnæði.

Niðurstaða stjórnar að líklega sé hentugast fyrir félagið að eiga fasteignina næstu ár. Rétt sé að leita áfram að heppilegu leiguhúsnæði, þó þannig að vegna áhættu verður að vera tryggt að ávinningur sé augljós. Einnig afstaða stjórnar að félagsmenn eigi að hafa aðkomu að ákvörðun bæði um útleigu og leigu á nýju húsnæði ef til þess kemur. Það yrði gert á félagsfundi. Herdís las síðan upp eftirfarandi tillögu stjórnar til atkvæðagreiðslu

(fundarstjóri ítrekaði enn að afstaða fundarins væri ekki formlega bindandi en sýndi vilja félagsmanna. Lokaákvörðun yrði tekin á félagsfundi.)

### **Tillaga stjórnar sem lögð fram á aðalfundi af stjórn Hundaræktarfélags Íslands var eftirfarandi:**

*„Stjórn HRFÍ mun leitast við að skoða möguleika á að leigja hentugt húsnæði undir starfsemi félagsins háð því skilyrði að það náist að leigja út fasteign félagsins að Síðumúla 15. Vegna áhættu og óvissu sem skapast getur af útleigu húsnæðis verður ávinningur að mati stjórnar að vera augljós. Ef tækifæri skapast og samningar nást þá skal gildi samninga háð samþykki félgsfundar þar sem slíkir samningar fela í sér meiri háttar fjárskuldbindingu í skilningi 13. gr. laga HRFÍ.“*

### **Að loknum lestri tillögunnar var lýst eftir athugasemdum við hana.**

**Björn Ólafsson** kom í pontu og lýsti ánægju með tillöguna en spurðist fyrir um hvað væri átt við með að ásættanlegt húsnæði gæti verið "í útjaðri". Herdís svaraði því til að átt væri við Reykjavíkursvæðið.

**Halldór Björnsson** steig í pontu og gerði að tillögu að tillögu stjórnar yrði vísað frá, 7 manns greiddu því atkvæði og var sú tillaga því felld.

Meirihluti fundarmanna greiddi því atkvæði að tillagan yrði áfram á dagskrá fundarins.

Þessar atkvæðagreiðslur fóru fram með handauppréttingum.

**Fundurinn lét í ljós jákvæðan vilja til þess að stjórn haldi áfram þessari vinnu með miklum meirihluta greiddra atkvæða en atkvæðagreiðsla fór fram með handauppréttingu. Bað fundarstjóri um að þessi niðurstaða yrði færð til bókar.**

**3) Herdís Hallmarsdóttir** steig í pontu og kynnti tillögu stjórnar varðandi tímarit félagsins, *Sám*. Hún er svohljóðandi:

*„Stjórn HRFÍ leggur til að *Sámur*, félagsblað HRFÍ, komi út tvisvar á ári sem vefblað og í lok árs verður gefið út veglegt ársrit í hefðbundinni tímaritastærð“*



Sámur hefur verið gefinn út sem vef tímarit tvisvar sinnum. Ákveðið var á félagsfundi 11. september að málefni Sáms yrðu borin upp á aðalfundi félagsins. Herdís nefndi tvo valkosti varðandi útgáfuna:

Valkostur 1 - Sámur kemur þrisvar sinnum út á ári í pappíriformi. 3.405.000 kr í kostnað.

Valkostur 2 - Sámur kemur tvisvar sinnum út á ári sem vefblað en í lok árs verði gefið út veglegt tímarit á pappír.

Hreinn kostnaður af valkosti 1) 2.425.000, valkosti 2) 1.070.00 kr  
Í samræmi við þetta leggur stjórn til að valkostur 2) verði fyrir valinu.

**Björn Ólafsson** steig í pontu og lýsti því að hann hefði ekki litið á Sám frá því að hann fór á Netið. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að vefútgáfa væri óheppileg og lagði fram eftirfarandi **breytingartillögu**:  
Sámur komi út á pappír tvisvar á ári, hinn fyrri 17. júní og sá seinni 1. desember.

#### **Umræður um breytingartillögu:**

**Ragnar Sigurjónsson** steig í pontu og lýsti því að enginn nennti að lesa Sám á Netinu og lýsti hann einnig þeirri skoðun sinni að stjórn ætti að geta tekið ákvörðun um þetta atriði án aðkomu aðalfundar.

**Halldór Björnsson** steig í pontu og lýsti því að honum þætti óþarfi að vera að bera upp tillögur undir liðnum önnur mál þar sem engin skylda væri að fara eftir niðurstöðu atkvæðagreiðslu undir liðnum önnur mál. Koma ætti með fullmótaðar hugmyndir fimm dögum fyrir fund þannig að hægt væri að greiða atkvæði um þær með bindandi hætti.

**Herdís Hallmarsdóttir** steig í pontu og kvaðst viðurkenna að betra hefði verið að þessar tillögur hefðu komið fram undir liðnum önnur mál fimm dögum fyrir aðalfund.

**Pétur Allan Guðmundsson** steig í pontu og bar fram aðra **breytingartillögu** við tillögu stjórnar:

Niðurstöður sýninga verði birtar rafrænt og eitt veglegt tölublað Sáms verði gefið út á pappír á ári.

**Brynja Tomer** steig í pontu og tjáði sig um báðar breytingartillögurnar. Hún kvaðst hafa átt erfitt með að taka þá ákvörðun að styðja vefútgáfu. Henni fyndist hinsvegar leiðinlegt að lesa Sám á Netinu en benti á að miklir peningar sparist á móti.

**Breytingartillaga Brynju**: Stjórn HRFÍ verði falið að taka ákvörðun í málinu.

**Þorsteinn Thorsteinsson** steig í pontu. Hann kvaðst alla tala um að Sámur væri ekki lesinn á Netinu. Samþykkt hefði verið á aðalfundi DÍF að skora á stjórn HRFÍ að gefa Sám út á pappír. Allt í lagi væri að gefa hann sjaldnar út á ári en ekki rétt að fórna félagsblaðinu fyrir fjárhagslega hagsmuni.

**Vordís Sigurþórsdóttir** tók til máls og lýsti þeirri skoðun sinni að hún vildi fá að minnsta kosti tvö tölublöð á ári.

Gengið var til atkvæða um breytingatillögur, fundarstjóri ítrekaði að verið væri að kalla fram vilja félagsmanna en atkvæðagreiðsla væri ekki bindandi:

- 1) Tillaga Björns Ólafssonar: Samur komi út tvisvar á ári, 17. júní og 1. desember - **Meirihluti fundarmanna greiddi þessari breytingartillögu atkvæði sitt.**
- 2) Tillaga Péturs Alans Guðmundssonar: Dregin til baka
- 3) Tillaga Ragnars Sigurjónssonar um að stjórn ráði ákvörðun: Tillögu vísað frá
- 4) Tillaga Brynju Tomer: Vísað frá
- 5) Upphaflega tillaga stjórnar: Fundarstjóri lýsti því yfir að hann liti svo á að búið væri að afgreiða málið með samþykki breytingartillögu Björns Ólafssonar og hann hefði því ákveðið að upprunalega tillagan yrði ekki borin undir atkvæði.

**Pétur Alan Guðmundsson** steig aftur í pontu og óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju jafnframt sem hann þakkaði fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf. Hann kvaðst vilja vekja athygli á starfsemi Sólheimakotsnefndar. Búið væri að reikna út að kostnaður við Kotið væri um 40.000 kr. á mánuði, húsið nýtist mjög vel, m.a. sem geymslur fyrir sýningarbúnað, húsnæði fyrir augnskoðun ofl. Verið væri að safna styrkjum fyrir endurbótum og þegar hefðu safnast 500.000 kr. Á Facebook hefði verið stofnuð síða fyrir Sólheimakot og óskaði Pétur eftir því að sem flestir félagsmenn yrðu meðlimir hennar til að fylgjast með starfinu. Endurbætur væru miklum gangi, innan skamms verði sett upp heimasíða og FB síða yrði virk. Lýsti hann eftir styrkjum og annars konar framlögum.

**Björn Ólafsson** steig í pontu og lýsti yfir ánægju sinni með verkefni í samvinnu við Húsdýragarðinn sem gengur út á að kenna börnum að umgangast hunda. Björn bauð fram aðstoð sína ef á þyrfti að halda.

**Ragnar Sigurjónsson** steig aftur í pontu og lýsti yfir ánægju sinni með formann félagsins, Jónu Th. Viðarsdóttur.

**Formaður félagsins, Jóna Th. Viðarsdóttir**, steig í pontu og óskaði eftir upplýsingum um FB síðu Sólheimakotsnefndar fyrir heimasíðu HRFÍ og þakkaði hún einnig Birni fyrir boð sitt um vinnuframlag.

Formaður þakkaði tveimur fráfarandi stjórnarmönnum sérstaklega fyrir samstarfið, þeim Deliu Howser og Ólafi F. Jóhannssyni. Einnig þakkaði hún öðrum stjórnarmönnum, starfsfólki skrifstofu, ræktunarstjórnunum og öllum þeim sem komið hafa að starfi félagsins fyrir gott samstarf á liðnu ári. Hún lýsti ánægju með viðsnúning á fjármálum félagsins. Hún þakkaði þeim sem bjóða sig fram til trúnaðarstarfa fyrir félagið, starfsmönnum fundarins ofl. Sérstaklega þakkaði formaður framkvæmdarstjóra fyrir vel unnin störf fyrir félagið.

Að þessu sögðu lýsti formaðurinn fundinum slitið og lauk honum um kl. 22.

62 félagsmenn voru mættir á fundinn.